

Miðvikudaginn 2. febrúar 1983.
 Nr.243/1982. **Guðmundur Halldórsson**
 eigandi Oddastaða
 gegn
 eigendum Borga

Útivistardómur

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Halldórsson, eigandi Oddastaða, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1983.
 Nr. 70/1982. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Kristjáni Gunnari Hálfánarsyni
 (Páll S. Pálsson hrl.).

Líkamsmeiðingar. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða 10. mars 1982. Ágripnið barst Hæstarétti 25. júní. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd. Verjandi krefst sýknu.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 7. júlí 1980 var ákærði sakfelldur fyrir brot á 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákvörðun refsingar frestað, eins og nánar segir í hinum áfrýjaða

dómi. Við ákvörðun refsingar ber því að líta til 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin 45 daga varðhald skilorðsbundið, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, með þeirri breytingu, að skilorðstíminn reiknast frá uppsögn dóms þessa. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, en dæma ákærða jafnframt til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Gunnar Hálfðánarson, sæti varðhaldi 45 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. desember 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 9. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 593/1981: ákærvaldið gegn Kristjáni Gunnari Hálfðánarsyni, sem tekið var til dóms þann 23. nóvember sama ár.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 7. september 1981, gegn ákærða, Kristjáni Gunnari Hálfðánarsyni sjómanni, fæddum í Reykjavík 4. ágúst 1960, til heimilis að Yrsufelli 3 hér í borg, „ fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 1. janúar 1981 af ásettu ráði rekið höfuðið framan í Klemenz Ragnar Júlíusson, fæddan 26. september 1962, er þeir voru staddir í veitingahúsinu Klúbbnum við Borgartún í Reykjavík, með þeim afleiðingum, að framtönn í efri gómi losnaði og kvarnaðist úr annarri.

Telst þetta varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.”

Málavextir eru þessir:

Um kl. 0125 á nýársnótt komu lögreglumenn úr Reykjavík á veitingastaðinn Klúbbinn, en þangað höfðu þeir verið kvaddir vegna kæru Klemenzar R. Júlíussonar á hendur ákærða í máli þessu, Kristjáni Gunnari Hálf-dánarsyni. Samkvæmt lögregluskýrslunni kvaðst Klemenz hafa komið auga á mann, sem hann kannaðist við, á dansgólfinu og gengið að honum til að heilsa, en þegar hann hafði kastað á manninn kveðju, hefði ákærði rokið á hann (Klemenz) og hrundið honum í gólfið. Klemenz kvaðst hafa risið snögg á fætur og spurt um ástæðu fyrir árásinni, en ekkert svar fengið, en þá hefði ákærði „skallað” hann í andlitið með þeim afleiðingum, að vinstri framtönn í efri góm losnaði, en tönn þessi væri stiftönn. Einnig hefði skyrtubolur hans rifnað í átökunum.

Lögreglumennirnir færðu ákærða fyrir varðstjóra, og samkvæmt skýrslu lögreglunnar neitaði hann, að hann hefði lent í átökum við Klemenz.

Ákærði var yfirheyrður um málið strax næsta morgun. Kvaðst hann hafa verið á leið að barnum, þegar kærandi Klemenz kom til hans ásamt dyra-verði, og bar Klemenz á ákærða, að ákærði hefði ráðist á hann. Bað dyravörðurinn ákærða að koma með sér fram á gang, sem ákærði gerði. Hringdi hann svo á lögreglu, sem kom á staðinn og flutti þá ákærða og Klemenz á lögreglustöðina. Kvaðst ákærði minnst þess, að Klemenz hefði sagt, að ákærði hefði slegið hann, en ákærði kvaðst ekki hafa séð áverka á Klemenz, en peysa hans hefði verið rifin. Kvaðst ákærði mótmæla að hafa slegið eða á annan hátt veist að Klemenz og bæri Klemenz ákærða því röngum sökum.

Kærandi Klemenz kom fyrir lögreglu vegna málsins þann 9. janúar 1981. Kvaðst hann hafa verið umrædda nótt í framangreindu veitingahúsi ásamt kunningja sínum, Haraldi Lorange, og komu þeir þangað um kl. 0115. Kvaðst hann hafa drukkíð eitthvað af áfengi, en fundið til lítilla áfengis-áhrifa. Gengu þeir rakleiðis inn í danssalinn á 1. hæð, og þar sá hann mann, sem hann kannaðist við. Gekk hann til hans og heilsaði. Vissi hann þá ekki fyrir til en ákærði, Kristján Gunnar, hrinti honum. Stóð hann strax á fætur og ýtti við ákærða og spurði ákærða um leið, hvers vegna hann hefði gert þetta. Ætlaði hann síðan á brott, en þá réðst ákærði á hann og „skallaði” hann með enninu í andlitið, og féll hann við það í gólfið. Fann hann strax, að framtönnin hafði losnað. Þegar hann var að standa á fætur, kom einn dyravarða hússins, og sagði hann dyraverðinum frá því,

hvað hefði gerst, og fundu þeir ákærða frammi í anddyri hússins. Klemenz kvað kunningja sinn, Harald Lorange, hafa séð þennan atburð.

Við meðferð máls þessa fyrir dómi bar ákærði, að hann hefði umrætt sinn verið að skemmta sér í framangreindu veitingahúsi ásamt kunningjum sínum, Reyni Georgssyni og Sigurjóni Georgssyni, og hefði hann komið á skemmtistaðinn með framangreindum mönnum. Þeir hafi gengið saman frá fatahenginu og inn á fyrstu hæðina og gengið að bar, sem er til vinstri, strax og gengið er inn í salinn, á fyrstu hæðinni. Ákærða minnti, að þeir hefðu ekki verið búnir að fá afgreiðslu, þegar maður að nafni Klemenz, sem ákærði kvaðst kannast við í sjón og þekkja með nafni, þar sem þeir bjuggu í sama hverfi á unglingsárum, kom ásamt einum dyraverði, sem bað ákærða að koma með sér fram í anddyrið. Er fram í anddyrið kom, hafi Klemenz borið það á ákærða, að hann hefði slegið sig í andlitið. Ákærði kvaðst ekki hafa séð neina áverka á andliti Klemenzar, en skyrta hans hefði verið rifin. Ákærði kvaðst ekki hafa hitt Klemenz, fyrr en hann kom aðvífandi, þegar þetta skeði. Ákærði kvaðst rétt í þessu hafa verið að koma inn á skemmtistaðinn. Sagði ákærði, að fyrr um kvöldið hefði hann verið ásamt fyrrgreindum kunningjum sínum við áfengisneyslu á heimili þeirra í Breiðholti. Ákærði kvaðst ekki muna, hversu lengi þeir voru við áfengisneysluna né hversu mikið hann drakk, en hann hafi fundið til áfengisáhrifa, er hann kom á skemmtistaðinn, en hann hafi ekki verið orðinn drukkinn. Ákærði kvaðst hafna að greiða bætur í málinu, enda kvaðst hann engan þátt eiga í því broti, sem honum var að sök gefið.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna fyrir dómi:

Vitnið Klemenz Ragnar skýrði svo frá, að það hefði komið umrætt sinn í Klúbbinn skömmu eftir miðnætti ásamt Haraldi Lorange. Gengu þeir inn á fyrstu hæð hússins gegnt fatahenginu og anddyrinu. Hitti vitnið þá mann, sem það kannaðist við, og ætlaði vitnið að fara að ræða við hann, þegar ákærði, sem vitnið kvaðst þekkja, frá því það bjó á Framnesveginum, kom aðvífandi, og fóru vitnið og ákærði að rífast, og lentu þeir í smáþrætum yfir einhverju, sem vitnið man ekki, hvað var. Kvast vitnið ekki hafa nennt að standa í þessu þrasi og sneri við, en áður hafði ákærði stjakað við vitninu, sem kvaðst hafa stjakað við ákærða á móti. Er vitnið hafði gengið nokkur skref frá ákærða, kom hann aftan að vitninu og þreif í hálmál þess, og rifnaði við það bolur, sem vitnið var í. Um leið og þetta skeði, kvaðst vitnið hafa fengið ennið á ákærða í andlitið. Nánar aðspurt bar vitnið, að ákærði hefði rekið ennið snöggt í sig, og kvaðst vitnið vera visst um, að ákærða hefði ekki verið hrint á sig. Vitnið kvaðst hafa fallið við þetta í gólfid. Það hefði vankast við höggið, og er það stóð upp, var ákærði farinn. Vitnið sagði, að Haraldur hefði stadið rétt hjá sér, þegar þetta skeði, og hefði Haraldur farið á eftir ákærða, eftir að vitnið féll í gólfid.

Er vitnið var í þann veginn að standa upp, kom þar að ungur dyravörður og spurði, hvað hefði skeð, eða eitthvað í þeim dúr, og hafði dyravörðurinn séð, að eitthvað var að ske, en vitnið vissi ekki, hvort hann sá, þegar ákærði skelli höfðinu í vitnið. Vitnið kvaðst hafa sagt dyraverðinum, að það hefði misst tennur, og sagði hann þá, að hann skyldi finna manninn.

Vitnið kvaðst síðan hafa fundið ákærða, þar sem hann stóð í vindahópi, og var vitnið þá með dyraverðinum, en Haraldur stóð hjá ákærða. Vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvar þetta var, en taldi, að það hefði verið einhvers staðar frammi í anddyrinu.

Nánar aðspurt um það, hvar vitnið og ákærði voru, þegar ákærði skelli höfðinu í andlit vitnisins, bar vitnið, að þeir hefðu verið rétt inn af anddyrinu á fyrstu hæðinni, þar sem gengið er inn hægra megin úr fordyrinu, og hafi þeir verið á gólfpletinum við dansgólfið framman við 3 tröppur við hærri pall. Vitnið sagði, að lögreglan hefði komið á vettvang og flutt vitnið og ákærða á lögreglustöðina. Vitnið kvaðst hafa verið búíð að bragða áfengi, en þeir Haraldur hafi farið heim til systur vitnisins um kl. 22-23 um kvöldið, og þar drakk vitnið 3-4 glös af áfengisblöndu fram til miðnættis, og Haraldur drakk álika magn áfengis. Þeir hafi því hvorugur verið drukkinn. Um ástand ákærða kvaðst vitnið ekki þora að bera. Vitninu var kynntur framburður ákærða, og hélt vitnið fast við framburð sinn. Vitnið sagði, að er þeir ákærði voru í lögreglubifreiðinni á leið á lögreglustöðina, hefði ákærði í fyrstu viðurkennt verknaðinn, en kvartaði yfir, að hann hefði ekki efni á að borga vitninu skaðabætur, en er ákærði sá, að vitnið hugðist standa fast á að kæra ákærða, fór ákærði smám saman að draga í land og þóttist að lokum ekki vita, hvað vitnið var að tala um. Vitnið sagði, að lögreglumaður hefði verið með þeim ákærða aftan í bifreiðinni. Vitnið sagði, að það hefði misst tvær stiftennur, framtennur í efri góm, og hafi rót annarrar tannarinnar rifnað og því hafi þurft að draga úr þriðju tönnina. Vitnið kvað rétt eftir sér haft í skýrslu lögreglunnar að öðru leyti en því, að vitnið kvaðst ekki hafa dottið, þegar ákærði hrinti því, heldur hrasað aftur á bak án þess að detta.

Vitnið Haraldur Lorange kvaðst vel muna eftir máli þessu. Það kvaðst hafa farið ásamt Klemenzi Ragnari í skemmtistaðinn Klúbbinn. Voru þeir nýkomnir á staðinn og gengu úr anddyrinu inn á fyrstu hæð eða jarðhæð, þar sem nú er diskótek. Þegar þeir voru nýkomnir inn um dyrnar, sem eru gegnt fatahenginu, og stóðu þar við dansgólfið í sömu línu og barinn er, hægra megin þegar komið er inn úr framangreindum dyrum, fór Klemenzi að ræða við einhvern eldri mann. Kom þar þá maður aðvífandi og fór að skipta sér af samræðum þeirra. Stóðu þeir ekki við barinn, heldur nær dyrunum. Ræddu þeir saman skamma stund, en eitthvert ósamkomulag varð milli þeirra í samræðunum, og voru einhverjir „stælar“ í mann-

inum, sem hafði komið þar að. Ýtti Klemenz lítilega við manningum með hendinni og vildi greinilega ekki ræða meira við hann. Sneri Klemenz við manningum baki og hugðist ganga á brott. Þreif þá maðurinn í öxl Klemenzar og snéri honum við og skallaði síðan höfðinu í andlit Klemenzar, og við það datt Klemenz í gólfid. Segir vitnið, að höfuð mannsins hafi greinilega lent framan í andliti Klemenzar. Vitnið sagði, að það gæti ekki borið um, hvort maðurinn gerði þetta af ásetningi eða gáleysi. Vitnið sagði, að meðan á þessu stóð, hefði það staðið beint fyrir aftan Klemenz og því geti það fullyrt, hvað skeði. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort maðurinn var einn eða með einhverjum fleirum. Vitnið sagði, að dyraverðir hússins hefðu tekið manninn og Klemenz og maðurinn hafi síðan farið með dyravörðunum fram í anddyrið, en áður hafi vitnið elt manninn að barnum, hægra megin áður en gengið er inn, en þar tóku dyraverðirnir manninn. Vitnið sagði, að dyraverðirnir hefðu komið um tveim til þrem mínútum eftir að maðurinn rak höfuðið í andlit Klemenzar, en það kvaðst ekki vita, hvort þeir sáu þetta atvik né heldur hvort einhverjir aðrir voru vitni að þessu. Vitnið kvað rétt eftir sér haft í skýrslu þess fyrir lögreglu að öðru leyti en því, að Klemenz hafi komið rétt á eftir vitninu, þegar vitnið gekk á eftir manningum að barnum og spurði manninn, hvað væri að honum eða hvað hann meinti með þessu. Rétt á eftir komu dyraverðirnir og tóku manninn. Vitnið sagði, að það hefði verið búið að neyta áfengis fyrr um kvöldið, en þeir hafi hvorugur verið ölvaðir, enda kvaðst vitnið vel muna eftir þessu atviki.

Vitnið Reynir Georgsson kvaðst hafa verið með ákærða og fleira fólki við áfengisdrykkju að kvöldi sl. gamlaársdags. Drykkjan hafi byrjað á heimili ákærða, en síðar um kvöldið hafi ákærði komið á heimili vitnisins og bróður þess, Sigurjóns Georgssonar. Þeir hafi hafið áfengisdrykkjuna um kl. 2200, að því er vitnið taldi. Síðar um kvöldið fóru þeir á veitingahúsið Klúbbinn. Vitnið var orðið „mátulega“ ölvað, en ákærði og bróðir vitnisins voru orðnir „sæmilega ölvaðir, en ekki svo fullir“. Vitnið sagði, að þeir hefðu farið frá anddyrinu og inn á fyrstu hæðina á barinn, sem er vinstra megin, strax og gengið er inn á hæðina. Vitnið kvaðst hafa rætt við ákærða mikinn hluta þess tíma, áður en dyravörðurinn sótti ákærða. Vitnið kvaðst einnig hafa séð ákærða ræða við Garðar Einarsson, barþjón á veitingahúsinu, en Garðar var þó í frii það kvöld. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða ræða við aðra fram að þeim tíma, er dyravörðurinn kom, en vitnið taldi, að þeir hefðu verið þarna inni í ca 20-30 mínútur. Vitnið kvaðst þekkja Klemenz Ragnar Júlíusson í sjón, en það hefði ekki séð hann þetta kvöld og ekki veitt því athygli, hvort hann kom með dyraverðinum að sækja ákærða. Vitnið varð ekki vart við, að ákærði hefði lent í handalögmafum eða að hann hefði veist að manni þarna á staðnum.

Síðargreind tvö vitni unnu eið að framburðum sínum.

Vitnið Sigurjón Georgsson kvaðst umrætt sinn hafa orðið viðskila við ákærða og Reyni, bróður vitnisins, strax eftir að þeir komu inn í anddyri veitngahússins, þar sem vitnið fór á efri hæðina og sá síðast til Reynis og ákærða, er vitnið skildi við þá í miðasölunni í fremra anddyrinu. Vitnið sagði, að það hefði verið við áfengisdrykkju ásamt ákærða og Reyni á heimili þeirra bræðra, áður en þeir fóru á veitingahúsið, og voru ákærði og Reynir búnir að drekka ca 2 - 3 glös af áfengi. Þeir hafi ekki verið orðnir drukkniir, en komnir undir áfengisáhrif.

Lögreglumennirnir Kolbeinn Kristjánsson, Björn Ósberg Helgason og Jóhannes Viggósson, sem fóru umrætt sinn í Klúbbinn og færðu ákærða og Klemenz Ragnar á lögreglustöðina, komu fyrir dóm þann 23. nóvember sl. Enginn þeirra mundi sérstaklega eftir málinu né að einhver orðaskipti hefðu átt sér stað milli ákærða og kæranda á leiðinni á lögreglustöðina. Kolbeinn Kristjánsson staðfesti lögregluskýrsluna, sem hann gaf um málið, sem rétta og kannaðist við undirritun sína undir skýrslunni.

Samkvæmt upplýsingum, sem dómariinn aflaði frá yfirdyraverðinum í Klúbbnum, voru 8 dyraverðir starfandi í veitingahúsinu þessa nótt. Hefði hann haft tal af þeim öllum, en enginn kannast við að hafa orðið vitni að atburði þessum.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Einars Ragnarssonar tannlæknis, dags. 13. janúar 1981, svohljóðandi: „Það vottast hér með, að ég undirritaður skoðaði Klemenz Júlíusson, Kaplaskjólsvégi 93, hinn 8/1 þ. m. Kvaðst Klemenz hafa fengið högg á andlit í veitingahúsinu Klúbbnum sl. gamlaárskvöld með þeim afleiðingu, að stiftkróna á + 1 losnaði.

Skoðun leiddi í ljós, að 2 + er með infraktio mesio incisælt 1 +. Flísað úr kanti á postulínskrónu + 1. Rótin margklofin og með öllu ónýt. Ljóst er því, að til að lagfæra lýtið þarf ekki minna en þriggja liða postulínsgullbrú og jafnvel 5 liða brú, ef fleira kæmi í ljós.

Gróf kostnaðaráætlun er : nkr. 10.200 til 16.785.-“.

Í málinu hefur enn fremur verið lagt fram bréf Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, þar sem segir, að f. h. Klemenzar Ragnars sé fallið frá skaðabótakröfu í málinu, en Klemenz muni eftir atvikum leita réttar síns vegna bótanna í einkamáli.

- Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum refsingum:
- 1978 18/3 sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengisлага.
 - 1979 12/7 sátt, 80.000 kr. sekt fyrir brot gegn 49. gr. og 50. gr. umferðarl. Ökuleyfisssvipting í 3 mán. frá 11/6 1979.
 - 1980 7/7 dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 217. gr. hegningarлага.
- Refsiákvörðun frestað skilorðsbundið í 2 ár.

Niðurstöður.

Með framburði vitnanna Klemenzar Ragnars og Haralds Lorange þykir þrátt fyrir neitun ákærða sannað, að hann hafi í umrætt sinn veitt Klemenz Ragnari högg í andlitið með því að hnykkja eða „ skalla“ höfðinu með snöggu átaki framan í hann, en við höggið féll Klemenz Ragnar í gólfíð, og brotnaði hluti úr tönn við hlið framtannar í efri góm, flisaðist úr kanti hægri framtannar í efri góm, og vinstri framtönn í efri góm eyðilagðist með öllu, og rót hennar margklofnaði. Með þessum verknaði hefur ákærði gerst sekur um brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1981, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Með dóminum frá 7. júlí 1980 var refsingu ákærða frestað skilorðsbundið í 2 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja, héldi ákærði almennt skilorð og hið sérstaka bótaskilyrði 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærði stóð við greiðslu bóta, en ljóst er, að hann hefur rofið hið almenna skilorð með framangreindu atferli. Verður ákærða því með vísan til 60. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga ákvörðuð refsing í einu lagi fyrir brot það, sem fjallað er um í dómi þessum, og brot það, sem hann var dæmdur fyrir skilorðsbundið með dóminum frá 7. júlí 1980.

Refsing ákærða, Kristjáns Gunnars Hálfðánarsonar, þykir hæfilega ákveðin 45 daga varðhald, en vegna ungs aldurs ákærða, sem var tæpra 17 ára, er hann framdi fyrra brot sitt, og þess, að hann hefur greitt skaðabætur vegna þessa máls, þykir rétt að ákveða að fresta fullnustu refsivistarinnar og fella hana niður að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá greiði ákærði enn fremur 3.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Loks ber að dæma ákærða skv. 141. gr. laga nr. 74/1974 til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Kristján Gunnar Hálfðánarson, sæti varðhaldi í 45 daga, en fullnustu refsivistarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Enn fremur greiði ákærði 3.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Loks greiði ákærði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns,
kr. 2.500.00.

Fimmtudaginn 3. febrúar 1983.

Nr.242/1982. **Ólafur Hjaltalín Torfason,**
eigandi Selja,

gegn

Bjarna Jónssyni
Hildibrandi Bjarnasyni og
Jóni Bjarnasyni,
eigendum Kothrauns.

Kærumál. Synjað um þinglýsingu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með kæru 6. desember 1982, er barst Hæstarétti 16. s. m., samkvæmt heimild í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978 kært synjun þinglýsingardómarans í Snæfellsnes- og Hnappadals-sýslu 23. nóvember 1982 um þinglýsingu „matsgerðar, dags. 6. september 1967, varðandi mörk stærstu flæðar, þar sem sjór fellur hæst í Hraunslæk við Berserkjahraun á mörkum jarðanna Kothrauns og Selja í Helgafellssveit”. Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun þinglýsingardómarans verði felld úr gildi og að lagt verði fyrir þinglýsingardómara að þinglýsa nefndri yfirlýsingu frá 6. september 1967. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Jarðirnar Sel og Kothraun eru í Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu. Sóknaraðili er eigandi Selja, en varnaraðiljar eigendur Kothrauns. Samkvæmt gögnum málsins, sem þó eru óglögg um það atriði, reis deila með eigendum jarða þessara um landamerki. Er svo að sjá, að eigendur Kothrauns hafi á árinu 1967 höfðað mál á hendur eigendum Selja af því tilefni. Samkvæmt landamerkjaskrár jarðanna frá 1889 liggja merki milli þeirra meðal annars í Hraunvík, þar sem